

Nr. 1388

23. desember 2019

## GJALDSKRÁ fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

### 2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
3.100 lítra og minni	9.150
3.101 – 6.000 lítra	10.570
6.001 – 10.000 lítra	12.600

Fyrir rotþrær stærri en 10.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 7.550 á rúmmetra við losun. Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 63.450 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 382 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 146,4 í desember 2019.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1351/2018.

*Borgarnesi, 23. desember 2019.*

**Lilja Björg Ágústsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2020